

**247. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 3. október 2022 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2204191 - Deiliskipulag - Garðabraut 1**

Framhald umræðna frá síðasta fundi.

*Niðurstöður vindgreiningar sem Öruggr verkfræðistofa gerði eru eftirfarandi:*

*Uppbygging á Garðabraut 1, dregur úr vindhraða við Þjóðbraut 1.*

*Vindvist vegna fyrirhugaðar uppbyggingar á Garðabraut 1, er betri en við Þjóðbraut 1.*

*Vindvist við innganga og sérafnotareiti við fyrirhugaða uppbyggingu á Garðabraut 1, uppfyllir væntingar.*

*Skipulags- og umhverfissráð vill áður en frekari skipulagsvinna fer fram að skoðaðar verði frekari útfærslur hússins. Sérstaklega verði vesturhluti þess skoðaður m.t.t. hæðarsetningar og fjölda hæða.*

**2. 2209234 - Deiliskipulag Krókalón - Krókatún 18 stækkun íbúðarhúss**

Fyrirspurn um að heimila viðbyggingu við núverandi húsnæði.

*Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið. Óskað er eftir ítarlegri gögnum til að hægt sé að grenndarkynna breytinguna.*

**3. 2209274 - Deiliskipulag Sementsreitur - fyrirspurn.**

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits er varðar lóð við Suðurgötu 106. Breytingin felst í að breyta byggingareit og færa aðkomu að bílastæðum.

*Skipulags- og umhverfissráð getur ekki orðið við erindinu. Um er að ræða hornhús sem gegnir mikilvægu hlutverki fyrir götummyndina.*

**4. 2209197 - Suðurgata 20 bílgeymsla - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn um að koma fyrir bílskúr á lóðinni Suðurgötu 20. Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að byggingarleyfið verði grenndarkynnt.*

*Grenndarkynnt skal fyrir lóðarhöfum á Suðurgötu 21, 22 og 23.*

**5. 2208122 - Grasvöllur ÍA á Jaðarsbökkum - vökvunarkerfi**

Umræður um íþróttasvæði ÍA

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið. Málinu að öðru leyti vísað til fullnaðarafgreiðslu í bæjarráði.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Gunnar Sveinsson

Valgerður G. Jónsdóttir

Særa Alexia Sigurmundsdóttir

Sig. P. H.

Halla María Árnadóttir